

Foreldrafélagsfundur þriðjudaginn 19. 10. 2010.

Mættir voru:

Lóa Björk
Hildur
Helga
Þóra
Rósa

Efni fundar:

Setja alla í stjórn inn í sín hlutverk
Ákveða hvað gert verður í vetur
Önnur mál

Rósa kom ný inn í stjórn sem varaformaður og ritari. Önnur skipan stjórnar er eins og síðastliðið ár.

Ræddur var tölvupóstur sem barst vegna fundar/fyrirlestrar um forvarnir. Ákveðið var að taka þátt í þeim fundi/fyrirlestri sem verður 28.okt. kl 20:00 í Sunnulækjarskóla.

Foreldrar 8. og 9. bekkjar ætluðu að hittast 20. okt. til að ræða stöðu nemenda þessara bekkja í ljósi þess að umsjónarkennari/ar hafa verið mikið frá það sem af er skólaári. Stjórn foreldrafélagsins myndi gjarna vilja koma að þessu máli og fara með það fyrir skólaráð.

Fram kom tillaga um tenglasamstarf á milli skóla í Árborg. Lóa setur sig inn í það mál.

Tenglafundur í Bes ákveðinn mánudaginn 25.10.'10 í Rauða Húsinu á Eyrarbakka.

Rætt var um skólapeysur og upp kom hugmynd að hafa mátunardag á hausti. Sama verð á að vera á peysum. Tillaga um að ágóði renni til foreldrafélags.

Ákveðið var að halda föndurkvöld. Þar sem Helga ætlar að kenna að skreyta krukkur með haustlaufum.

Einnig var ákveðið að hafa jólaföndur 29.11.'10 á Stað.

Næsti foreldrafélagsfundur verður 15.11.'10.